



15. nóvember - 7. desember
deiglan / the melting pot
SÓLARBÖGGLAR
 (seinni hluti)
 Sýning

Ljós hegðar sér bæði sem úreindir (e. photon) með massa 0 og rafsegulbylgjur, sem dreifa sér með fullkomlega óútskýranlegum hætti eftir því hver verður vitni að umbreytingunni. Ekki minnkaði ráðgátan þegar einn mesti skammtahæðingur 20. aldar, nóbelsverðlaunahafinn Richard Feynman, lýsti því yfir að það væri aðeins ein rafeind í öllum alheiminum sem hreyfðist fram og til baka í tíma með ljóshraða þannig að hún virtist vera út um allt á sama andartaki (e. one-electron universe).

Rafeindin frá sölinni, fjarlægri stjörnuþyrpingu, fyrstu fjölrúmungunum, risaeðlunum, Hong Kong og ofan í kaftibólum landsmanna á því herrans ári 2014 er samsé sú sama - hvorki meira né minna en sú eina og sanna. Kannski er það þess vegna sem Kristur sagði að það væri auðveldara fyrir úlfalda að komast gegnum nálarauga en fyrir ríkan mann að ganga inn í Guðsríki. Draga mátti þá ályktun að himnaríki sé fremur smátt í sniðum og því sé stjórnað með einhverri konar nanótækni. Rafeindin virðist engu að síður vera föst í agnarlítili, lokaðri tilvistarykkju sem kallast mannkynssaga og bitnar það greinilega meira á fólki en dýrum, a.m.k. þegar um nálarauga er að tefla.

Í fyrri hluta verkefnisins **Sólarböggla** bjuggu þátttakendur til 100 nálaraugabox sem þeir sendu til skólanema í Hong Kong í skiptum fyrir sams konar hluti og skrásettu báðir hópar sólarljósið hjá sér utandyra í tvo mánuði. Tilgangur verkefnisins er að skerpa á þeim punkti að við erum öll ein fjölskylda, jafnvel sama rafeindin, og verður uppskeruhátíðin haldin í aðdraganda jólanna þegar þessi 200 box koma saman í Deigluinni.

Ljós hegðar sér bæði sem öreindir (e. *photon*) með massa 0 og rafsegulbylgjur, sem dreifa sér með fullkomlega óútskýranlegum hætti eftir því hver verður vitni að umbreytingunni. Ekki minnkaði ráðgátan þegar einn mesti skammtafræðingur 20. aldar, nóbelsverðlaunahafinn Richard Feynman, lýsti því yfir að það væri aðeins ein rafeind í öllum alheiminum sem hreyfðist fram og til baka í tíma með ljóshraða þannig að hún virtist vera út um allt á sama andartaki (e. *one-electron universe*).

Rafeindin frá sólinni, fjarlægri stjörnuþyrpingu, fyrstu fjölfrumungunum, risaeðlunum, Hong Kong og ofan í kaffibollum landsmanna á því herrans ári 2014 er semsé sú sama – hvorki meira né minna en sú eina og sanna. Kannski er það þess vegna sem Kristur sagði að það væri auðveldara fyrir úlfalda að komast gegnum nálarauga en fyrir ríkan mann að ganga inn í Guðsríki. Draga mætti þá ályktun að himnaríki sé fremur smátt í sniðum og því sé stjórnað með einhvers konar nanótækni. Rafeindin virðist engu að síður vera föst í agnarlítilli, lokaðri tilvistarlykkju sem kallast mannkynssaga og bitnar það greinilega meira á fólki en dýrum, a.m.k. þegar um nálarauga er að tefla.

Í fyrri hluta verkefnisins *Sólarbögglar* bjuggu þátttakendur til 100 nálaraugabox sem þeir sendu til skólanema í Hong Kong í skiptum fyrir sams konar hluti og skrásettu báðir hópar sólarljósið hjá sér utandyra í tvo mánuði. Tilgangur verkefnisins er að skerpa á þeim punkti að við erum öll ein fjölskylda, jafnvel sama rafeindin, og verður uppskeruhátíðin haldin í aðdraganda jólanna þegar þessi 200 box koma saman í Deigluinni.

SUN PARCELS (PART 2)

Exhibition
November 15th - December 7th

Light behaves both as photons with a zero mass and as electrons that move around by some incomprehensible means, depending on who witnesses their metamorphosis. This conundrum was not exactly solved when Richard Feynman, Nobel Prize Laureate and one of the most important quantum physicists of the twentieth century, declared that there was just a single electron in the entire universe that moved backwards and forwards through space and time in such a manner as to appear in many places simultaneously.

An electron from the sun, a distant galaxy, the first multicellular organisms, the dinosaurs, Hong Kong, and in our morning breakfast in the year of Our Lord 2014, are, in other words, the same thing—no more and no less than the one and only true “thing.” Perhaps that is why Christ said that it was easier for a camel to pass through the eye of a needle than for a rich man to enter the Kingdom of God. One might conclude from this that heaven is actually very small and operates by using some kind of nanotechnology. The electron appears to be bound in a tiny little loop of existence called the history of humanity, which obviously has more effect on humans than on animals, at least as far as the eye of a needle is concerned.

In the first part of *Sólarbögglar*, participants constructed 100 pinhole cameras, which they subsequently sent to pupils in Hong Kong in exchange for similar items. Both groups then recorded outdoor light activity for two months. The purpose of the project is to remind us that we are all part of the same family, even of the same electron. A “harvest festival” will take place towards Christmas time when these 200 boxes are brought together in the melting pot of Deiglan.